



Verðbólga aftur undir markmið

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,04% milli mars og apríl og mælist 12 mánaða verðbólga nú 2,3% í samanburði við 2,8% í mars. Mælist verðbólga því aftur undir markmið, en hún fór yfir markmiðið í mars í fyrsta sinn síðan febrúar 2014.

Hækkun vísitölunnar var minni en spáaðilar gerðu ráð fyrir en opinberar spár lágu á bilinu +0,1% til 0,25%. Við höfðum spáð +0,2%.


Það var einkum tvennt sem kom á óvart í tölum Hagstofunnar að þessu sinni, annars vegar reiknuð húsaleiga og hins vegar bensín og díselolía.

Reiknuð húsaleiga lækkaði um 0,2%, en allir spáaðilar höfðu spáð hækkun þessa liðar, þó mismikilli. Það hefur gengið óvenju illa að spá fyrir þessum lið seinustu mánuði. Því kemur það e.t.v. ekki á óvart að verulega muni á spá greiningaraðila og mælingu Hagstofu.

Bensín og díselolía hækkaði um 1,6%, en allir þrír viðskipta bankarnir höfðu spáð óbreyttu verði. Mjög sjaldgæft er að það muni verulega á mælingu greiningaraðila og mælingu Hagstofu á þessum lið.


	Áhrif á VNV		
	Vægi í VNV	Mæling Hagstofu	Spá okkar
Bensín	1,9%	0,05%	0,00%
Föt og skór	3,5%	0,03%	0,00%
Heilsa	3,9%	0,02%	0,01%
Húsn. án reikn. húsaleigu	14,0%	0,02%	0,03%
Aðrar vörur og þjónusta	6,2%	0,01%	0,01%
Flugfargjöld til útlanda	1,1%	0,01%	0,06%
Matur og drykkjarv.	13,3%	0,01%	0,00%
Hótel og veitingast.	5,0%	0,00%	0,02%
Menntun	0,9%	0,00%	0,00%
Kaup ökutækja	6,9%	0,00%	-0,04%
Ferðir og flutningar - annað	4,3%	0,00%	0,00%
Áfengi og tóbak	2,8%	0,00%	0,00%
Tómst. og menning	9,7%	-0,02%	0,00%
Húsgögn og heimilisb.	3,9%	-0,02%	-0,01%
Póstur og sími	2,2%	-0,03%	-0,01%
Reiknuð húsaleiga	20,6%	-0,04%	0,08%
Alls	100,0%	0,04%	0,16%

Niðurbrot á breytingu milli mánaða



Heimild: Hagstofa Íslands

Mánaðarbreyting VNV í apríl



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



Framlag húsnæðis og innfluttra vara minnkaði lítillega

Seinustu misseri hafa tveir gagnstæðir kraftar tekist í verðlagi hér á landi. Húsnæði til hækkunar og innfluttar vörur til lækkunar. Þetta náði hámarki seinasta sumar þegar framlag húsnæðis til hækkunar ársverðbólgu var um 4 prósentur og framlag innfluttra vara til lækkunar var um 2,5 prósentur. Áhrif beggja liða hefur farið dvínandi uppfrá því og áframhald var á þeirri þróun í aprílmánuði.

Spá fyrir næstu mánuði óbreytt.

Við gerum áfram ráð fyrir 0,1% hækkun milli mánaða í maí, 0,2% hækkun í júní og 0,1% hækkun milli mánaða í júlí. Gangi spáin eftir verður ársverðbólga 2,5% í júlí.


Helstu áhættuþættir næstu misseri

Talsverðar samningsbundnar launahækkningar verða þann 1. maí. Eftir að þær verða um garð gengnar má segja að áhrifum gildandi kjarasamninga á almenna markaðnum sé lokið en þeir renna sitt skeið á enda um áramót. Þetta var þriggja ára samningur sem er óvenju langur tími. Undirbúningur fyrir næstu samningalotu er hafinn að því leyti að umræða um kjaramál og málefni launþegahreyfingarinnar er sífellt meira áberandi. Eins og margsinis áður mun þróun mála á vinnumarkaði skipta miklu máli fyrir verðbólguþróun næstu missera.


Gengi íslensku krónunnar hefur verið óvenju stöðug það sem af er ári, en verð á evru hefur haldið sig milli 120 og 125 krónur. Á sama tíma hefur velta á gjaldeyrismarkaði dregist saman og sveiflur milli daga (flökt) minnkað. Verði veruleg breyting á því mun það að sjálfsögðu hafa áhrif á verðbólgu.

Verulega hefur dregið úr hækkunum á húsnæðisverði seinustu mánuði og virðist sem meiri ró sé að myndast á þessum markaði. Verði raunin önnur og aftur fari að bera á hækkunum að eins og sáust á síðasta ári mun það óhjákvæmilega skila sér í meiri hækkun á vísitölu neysliverðs en ella.

Framlag undirliða



Verðbólguþróun





Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.